



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2022 – 2023

Efnisyfirlit

1. Formáli.....	3
Inngangur.....	3
2. Leiðarljós leikskólans.....	5
Skólastarfið.....	5
3. Mat á skólastarfi.....	6
Innra mat leikskólans.....	6
Umbótaáætlun.....	8
4. Áherslur í starfi leikskólans.....	8
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	8
5. Foreldrasamstarf.....	8
Foreldraráð.....	8
Foreldrafélag.....	8
6. Starfsmannamál.....	8
Samsetning starfsmannahópsins.....	8
7. Símenntunaráætlun.....	9
Skipulagsdagar.....	9
8. Aðrar upplýsingar.....	10
Fjöldi barna.....	10
Húsnæði og lóð.....	10
Skólaárið 2021 - 2022.....	10
Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023.....	10
Öryggismál.....	11
9. Fylgigögn.....	12
Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun Ytra mats 2022.....	12
Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun.....	14
Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal 2022 - 2023.....	16
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs.....	17

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

2021-2022

Í leikskólanum Álfaheiði er unnið í anda námsefnisins Lífsmenntar (e. Values based Education). Átta jákvæðum lífsgildum er fléttað inn í allt skólastarf á tveggja ára tímabili, skólaárið 2021-2022 var sérstök áhersla á eftirfarandi gildi: virðingu, ábyrgð, samvinnu og þakklæti.

Leikskólinn hefur undanfarin tvö skólaár verið þátttakandi í þróunarverkefni og unnið að því að verða Réttindaskóli UNICEF. Fimm leikskólar í Kópavogi eru fyrstir leikskóla á Íslandi til að verða réttindaleikskólar, en viðurkenningin verður afhent í nóvember næstkomandi. Í nafnbótinni felst að í leikskólanum sé markvisst stuðlað að lýðræði og staðið vörð um réttindi barna samkvæmt Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Þátttaka í eTwinning samstarfsverkefni á skólaárinu skilaði gæðavottun og vináttu við samstarfsaðila en kennari frá Sikiley dvaldi hjá okkur í hálfan mánuð síðastliðið vor. Í kjölfar verkefnisins bauðst Steinunni Erlu Sigurgeirsdóttur deildarstjóra í Álfaheiði að taka þátt í eTwinning ráðstefnu sem haldin var í Danmörku í september síðastliðinn.

Undanfarið starfsár hefur verið lögð áhersla á mat á skólastarfi, stofnun matsteymis og hvernig best megi nýta innra og ytra mat sem tækifæri til umbóta og þróunarstarfs.

Matsteymi leikskólans sótti námskeið um innra mat í leikskólum á vegum Menntahleðslu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Í kjölfarið hafa skýr viðmið um árangur og umbótaáætlanir litið dagsins ljós auk þess að margvíslegar úrbætur hafa þegar komið til framkvæmda s.s. samskiptaáætlun sem er liður í að efla upplýsingagjöf og samstarf við foreldra.

Að byggja upp náið samstarf við nýja foreldra og styðja við virka þátttöku þeirra í skólastarfinu var veruleg áskorun þegar samkomu- og takmarkanir á skólastarfi voru í gildi vegna heimsfaraldurs á skólaárinu og fram til febrúar/mars 2022. Gildandi samkomutakmarkanir og takmarkanir á skólastarfi voru íþyngjandi fyrir starfsemi leikskólans sem stóð opinn ólíkt öðrum skólastigum án skerðingar á þjónustu. Fjarvera starfsfólks vegna veikinda, sóttkvíar og einangrunar, takmörkun á blöndun starfsfólks á milli deilda og takmarkað aðgengi foreldra að leikskólanum, jók verulega álag á starfsfólk leikskólans og hafði áhrif á dagleg samskipti við foreldra og á starfsanda.

Samkomutakmarkanir á vinnustaðnum áttu eflaust þátt í því að starfsfólk valdi að selja kaffitíma sinn og stytta þar með vinnuvikuna um fjórar klukkustundir á viku. Vinnustyttingin kom til framkvæmdar í janúar 2021. Vinnuvika 100% starfsmanns er því 36 klukkustundir í stað 40. Það hefur stóraukið álag á þá sem eftir standa þegar einn fer í vinnustyttingu, þar sem börnin dvelja flest í 40-45 klukkustundir á viku í leikskólanum og ekki kemur inn afleysing vegna vinnustyttingar

starfsmanna. Vinnustyttingarnefnd innan leikskólans metur reglulega viðhorf til fyrirkomulagsins og samstaða ríkir um að halda fyrirkomulaginu eins og það er, þrátt fyrir aukið álag.

Þrír leikskólakennarar voru í langtímaveikindum á skólaárinu og einn leikskólakennari í 50% námsleyfi. Breytingar hafa átt sér stað innan stjórnunarteymis leikskólans á síðasta starfsári: Elísabet Eyjólfsdóttir lét af störfum eftir 25 ára farsælan feril sem leikskólastjóri Álfaheiðar. Anna Rósa Sigurjónsdóttir tók formlega við stöðu leikskólastjóra á vormánuðum en hún hefur gegnt stöðu aðstoðarleikskólastjóra frá opnun leikskólans árið 1990. Rakel Ýr Isaksen gegnir stöðu aðstoðarleikskólastjóra en hún hefur starfað sem sérkennslustjóri í Álfaheiði frá árinu 2006. Hrönn Valgeirsdóttir gegnir stöðu sérkennslustjóra, en hún hefur starfað sem leikskólakennari og deildarstjóri í Álfaheiði frá árinu 2008.

2022-2023

Á komandi skólaári 2022-2023 verður áfram unnið að innleiðingu á markvissu innra mati. Fjölbreyttar nefndir eru starfandi innan skólans sem hafa skilgreind markmið, hlutverk og tíma til samráðs. Nefndirnar tryggja aðkomu allra starfsmanna og þær eru vettvangur fyrir ígrundun og endurmat og stuðla að skólaþróun. Matsteymi leikskólans hefur jafnframt þróað gátlista sem starfsmenn deilda fylla út í sameiningu, gátlistinn mun nýtast til þess að mat á skólastarfinu verði skilvirkara og hagnýtt. Matsteymið sækir seinni hluta námskeiðsins "Hvernig gengur" um innra mat í leikskólum á vegum Menntafléttu Háskóla Íslands í október.

Sá grunnþáttur menntunar sem metinn verður á komandi skólaári er: Heilbrigði og vellíðan. Til stendur einnig að koma á fót formlegu lausnarteymi innan leikskólans á skólaárinu.

Unnið er að endurnýjun Grænfána í samvinnu við Landvernd, en stefnt er að því að fá afhentan áttunda Grænfánann í desember næstkomandi. Þemu komandi skólaárs í umhverfismennt eru lýðheilsa, neysla og úrgangur.

Vinna er hafin að endurnýjun á gæðavottun Values based Education fyrir virkt lífsmenntastarf í leikskólanum. Nýtt kynningarmyndband er í vinnslu og hvernig megi gera hugmyndafræðina sýnilega utanhúss t.d. með táknrænum listaverkum eftir börnin. Gildi skólaársins 2022-2023 eru friður, umburðarlyndi, kærleikur og hugrekki.

Nýtt eTwinning samstarfsverkefni er í fæðingu en það er nátengt áherslum leikskólans í umhverfismennt á skólaárinu varðandi neyslu, soun og hringrás náttúrunnar "From earth to table from table to earth".

Stefnt er að því að starfsmannahópurinn fari í náms- og kynnisferð til Berlínar á vormánuðum 2023. Helstu markmið námsferðarinnar er að styrkja starfsanda, efla starfsmannahópinn, fá innblástur og góðar hugmyndir sem nýtast í starfinu með börnunum.

Á kynningarfundum fyrir nýja foreldra síðastliðið vor, var tilkynnt að yngsta deild leikskólans myndi á skólaárinu loka klukkan 16:00, með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Yngstu börnin þurfa einstaklingsmiðaða umönnun og öryggi í umsjá starfsfólks sem þau þekkja og treysta. Allt starfsfólk yngstu deildarinnar er því að störfum milli klukkan 7:45-16:00. Starfsmenn starfa í mesta lagi átta tíma á dag en leikskólinn er opinn í tæpar níu klukkustundir. Flest börn á eldri deildum dvelja í meira en átta klukkustundir á dag og deildir eru því sameinaðar í lok dags og starfsfólk skiptist á að loka leikskólanum.

2. Leiðarljós leikskólans

Börn eru í eðli sínu forvitin, hafa löngun til að læra og eru gædd mörgum yndislegum eiginleikum. Þau eru skapandi, umhyggjusöm og geta tekið eigin ákvarðanir. Í gildisríku umhverfi þrífast börn vel og blómstra.

Leikskólastigið er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunnar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska, í samstarfi við foreldra kappkostar leikskólinn að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Lögð er áhersla á styrkleika barna og hæfni og litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnunum er sýnd virðing og umhyggja.

Skólastarfið

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins og helsta náms- og þroskaleið barna. Í leikskólanum Álfaheiði er unnið í anda námsefnisins Lífsmenntar (Values based Education). Námsefnið er ávöxtur alþjóðlegs verkefnis sem unnið var í tilefni 50 ára afmælis Sameinuðu þjóðanna árið 1995. Verkefnið fólst í því að beina athygli manna að jákvæðum alheimsgildum undir yfirskriftinni, *deilum gildum okkar til að skapa betri heim* sem Álfaheiði hefur gert að einkunnarorðum sínum.

Með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi var lagður grunnur að markmiði og hlutverki lífsmenntakennslunnar. Skólar sem vinna með gildi leggja aðaláherslu á jákvæðni, gleði og kærleiksrik samskipti. Gildunum er flétt að á fjölbreytilegan hátt inn í námið með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Unnið hefur verið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2010. Við vinnum nú að því að verða Réttindaskóli UNICEF en í því felst að byggja upp lýðræðislegt umhverfi í leikskólanum, standa vörð um réttindi barna og rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi.

Leikskólinn Álfaheiði er Sólblómaleikskóli, en börn, foreldrar og starfsmenn í leikskólanum styrkja í sameiningu framfærslu Isabellu sem býr í barnaþorpi SOS í Tanzaníu. Við fræðumst saman um hag hennar og annarra barna sem búa við misjafnar aðstæður um allan heim ásamt því að leggja okkar af mörkum til að gera heiminn að betri stað fyrir alla.

Við vinnum með forvarnarverkefnið Vináttu, frá Barnaheill, sem fellst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag og eiga góð samskipti.

Leikskólinn leggur áherslu á sjálfbærni og umhverfismennt og hefur flaggað Grænfánanum frá 2008 en hann er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum.

Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun í leikskólanum í samvinnu við foreldra þ.e. mikilvægi þess að hafa jákvæð áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Markmið með snemmtækri íhlutun er að tryggja að öll börn fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar alhliða þroska þeirra og velferð.

3. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Álfaheiði eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2021- 2022	2022- 2023	2023- 2024	2024- 2025
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf	x		x	
Leikskólaþróun og símenntun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		x		x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umræður	x		x	

Innra og ytra mat 2021-2022

Innra mat 2021-2022

Grunnpátturinn Læsi og samskipti var metinn með þar til gerðum matslistum frá Kópavogsbæ. Gátlisti fyrir innra mat er í þróun og var prufukeyrður síðasta skólaár. Tilgangur gátlistans er að áætla, meta og þróa innan hvernar deildar m.a.: daglegt starf, fundi, skipulag, mat barna, þátttöku í sí- og endurmenntun starfsfólks, viðburði, foreldrasamstarf og stjórnun.

Nefndir sem skipaðar eru fulltrúum hvernar deildar og skólastjórnendum hittust reglulega, mátu og samræmdu áherslur varðandi: Lífsmennt-, Umhverfisstörf, Innra mat, þróunarverkefni um Réttindaskóla, Barnasáttmála og fyrirkomulag vinnustyttingar.

Teymisfundir vegna barna með sérþarfir voru reglulega. Deildarstjórar og aðrir stjórnendur funduðu auk þess reglulega til samráðs, ígrundunar og mats. Starfsmenn með leikskólakennaramenntun funduðu og einnig voru samráðsfundir með Álfhólsskóla varðandi samstarf á milli skólastiga, fundargerðir ofangreindar funda eru ritaðar og aðgengilegar öllum starfsmönnum.

Skemmtinefnd, starfsmannafélag og ferðanefnd funduðu varðandi þætti og viðburði sem snúa að starfsanda á vinnustað.

Börnin mátu meðal annars: Vináttu milli barna og kennara; Hvað er skemmtilegt að gera í leikskólanum; Hvað felst í gildinu virðingu; "hvað mér finnst"; Hvað er boðið upp á í hádegisverð í leikskólanum; Leik á lóð leikskólans, leikefni úti og samskipti við jafnaldra í útiveru og komu í kjölfarið með tillögur að bættum samskiptum og hvaða leikefni vantar.

Eftirfarandi mælitæki (EFI-2, TRAS og HLJÓM-2) eru nýtt markvisst til þess að skima málþroska og hljóðkerfisvitund allra barna í leikskólanum á mismunandi aldri. Markmiðið er að greina frávik í málþroska, grípa til snemmtækrar íhlutunar þar sem þess er þörf og vinna að áætlun í markvissri málörvun.

Ytra mat 2021-2022

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi.

Skólapúlsinn lagði fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna og fór hún fram í mars 2022. 83,3% starfsmanna í leikskólanum Álfaheiði svöruðu könnuninni. Umbótaáætlun sem unnin var í kjölfar könnunar má finna í fylgiskjali og verður aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar voru eftirfarandi:

Svör starfsmanna í Álfaheiði voru marktækt jákvæðari en svör starfsmanna á öðrum leikskólum sem svöruðu könnun á fjölmörgum þáttum. Við svörum á eftirfarandi þáttum var töluverður jákvæður munur (um það bil eitt staðalfrávik yfir meðaltali): Skýrleiki hlutverks, Jákvæðar áskoranir í starfi, Stuðningur frá samstarfsfólki, Stuðningur við nýsköpun, Stjórnun, Trú á eigin getu við uppeldi og menntun og Virkni foreldra í leikskólastarfinu.

Á eftirfarandi þáttum var mikill jákvæður munur (um það bil eitt og hálft staðalfrávik yfir meðaltali): Skuldbinding til vinnustaðar, Starfsandi og Samstarf í leikskólanum.

Helstu breytingar frá fyrri könnun eru þær að starfsmenn sem svöruðu könnuninni upplifa meira álag í starfi en áður. Tillögur þátttakenda að umbótum komu fram í svörum við opnum spurningum sem nýtt voru við gerð umbótaráætlunar (sjá fylgiskjal).

Í maímánuði 2022 fór fram ýtarleg vinnustaðagreining hjá Kópavogsbæ á vegum Prósent.

26 starfsmenn leikskólans svöruðu spurningum könnunarinnar og niðurstöður hennar verða kynntar á haustmánuðum og í kjölfarið verður unnin umbótaáætlun.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í leikskólanum Álfaheiði er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

4. Áherslur í starfi leikskólans

Þróunar- og nýbreytnistarf

Mat á skólastarfi og skólaþróun er ofarlega á baugi í leikskólanum Álfaheiði. Nýjar nefndir hafa verið stofnaðar og hlutverk þeirra og markmið verið skilgreind. Fundardagatal tryggir að nefndirnar hafi skilgreindan tíma til samráðs, en tímaskortur hefur verið okkar helsti akkilesarhæll varðandi markvissa skólaþróun.

Innleiðing farsældarfrumvarps með samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur er á byrjunarstigi, en stofnun lausnarteymis og endurskilgreining á hlutverki sérkennslustjóra eru meðal verkefna sem standa til vegna þess.

Eins og kom fram í inngangi eru áherslur komandi skólaárs að þróa áfram og samræma það góða starf sem unnið er í leikskólanum með sameiginleg gildi og grunnþætti menntunar að leiðarljósi.

5. Foreldrasamstarf

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Upplýsingar berast til foreldra á upplýsingatöflu í fataherbergjum deilda, með tilkynningum í gegnum Völu, í tölvupósti og á heimasíðu leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

6. Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Í Álfaheiði starfar öflugur starfsmannahópur með fjölbreytta reynslu og menntun.

Í leikskólanum er gert ráð fyrir 12,08 stöðugildum vegna barngilda, 100% stöðu leikskólastjóra, 30 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50 % stöðu sérkennslustjóra og 1,75 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki er 2,70 stöðugildi til afleysinga vegna veikinda og undirbúningstíma kennara. Vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir tímabundna eða væga íhlutun er 0,99 % stöðugildi.

Til viðbótar eru stöðugildi vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir sértækan stuðning, en fjöldi stöðugilda vegna þess er breytilegur og fer eftir samsetningu barnahópsins hverju sinni.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin, síðastliðið sumar störfuðu sex ungmenni á vegum vinnuskóla Kópavogs í leikskólanum Álfaheiði.

2021-2022

Síðasta starfsár voru 12.30 stöðugildi vegna barngilda og til viðbótar rúm fimm stöðugildi vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir sértækan stuðning.

2022-2023

Á komandi skólaári 2022-2023 eru til viðbótar við úthlutuð stöðugildi, tæp sex stöðugildi vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir sértækan stuðning.

Leikskólaárið 2022-2023 munu starfa í leikskólanum Álfaheiði auk leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra, sex leikskólakennarar með deildarstjórn, fjórir leikskólakennarar sem margir sinna sérkennslu, einn þroskajálfi, fimm með aðra háskólamenntun af þeim eru tveir í hlutastarfi með meistaranámi í kennslufræði. Einn leiðbeinandi er í hlutastarfi með grunnnámi í kennslufræði. Til viðbótar eru níu leiðbeinendur starfandi á deildum í mismiklu starfshlutfalli eða tímavinnu. Matráður, aðstoðarmatráður auk fatlaðs starfsmanns (50% atvinnu með stuðningi) eru starfandi í eldhúsi. Til viðbótar hefur leikskólinn Álfaheiði hafið samstarf við Menntaskólann í Kópavogi. Eitt ungmenni á starfsbraut skólans starfar hjá okkur tímabundið í þrjár klukkustundir í viku sem hluti af námi viðkomandi nema.

Tveir starfsmenn eru barnshafandi og munu fara í fæðingarorlof á skólaárinu.

Sigríður Guðmundsdóttir aðstoðarmatráður hefur sest í helgan stein eftir rúm 20 ár í starfi og Suphaporn Steingrímsson hefur hafið störf sem aðstoðarmatráður.

7. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórdi hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Sótt verður um sjötta skipulagsdaginn þar sem áætlað er að fara í námsferð vorið 2023.

1. **Föstudagurinn. 23. september**- Mat á skólastarfi- kynning á símenntun starfsfólks-deildarfundir - hópefli - aðalfundur starfsmannafélags- kosning trúnaðarmanna
2. **Fimmtudaginn 17.nóvember** – Kvíði barna/lausnarteymi /eineltisáætlun-starfsmannakönnun Prósent og Skólapulísins/umbótaáætlun, uppfærsla á námskrá, lærdómssamfélag/ nefndafundir
3. **Mánudagurinn 2.janúar** – deildarfundir- öryggismál- kynning á símenntun starfsfólks
4. **Miðvikudagurinn 15.mars** – deildarfundir- kynning á símenntun starfsfólks- mat á skólastarfi
5. **Föstudagurinn 19. maí** Námsferð til Berlínar- skólaheimsóknir og hópeflisnámskeið
6. **Mánudagurinn 22. maí** - Viðbótarskipulagsdagur vegna námsferðar- samantekt kynnisferðar og endurmat á vetrarstarfi

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau (fjöldi námskeiða er í boði á fræðslutorgi á vef Kópavogsbæjar).

8. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Í Álfaheiði dvelja 79 börn, á aldrinum eins til sex ára, flest með 8 - 8,5 klst. dvalartíma á dag. Skólaárið 2022-2023 eru nítján tví- eða fjöltyngd börn: ellefu börn sem eiga báða foreldra með annað móðurmál en íslensku og átta börn eiga annað foreldri með annað móðurmál en íslensku, frá ellefu þjóðlöndum. Samsetning barnahópsins er sem hér segir:

5 börn fædd 2021

21 barn fætt 2020

16 börn fædd 2019

20 börn fædd 2018

17 börn fædd 2017

Sérkennsla og sértækur stuðningur fer að mestu fram í daglegu starfi, í eins fámennum hópum og aðstæður leyfa hverju sinni, en einstaklingsþjálfun fer einnig fram með þeim börnum sem þess þurfa. Sérkennslustjóri vinnur skýrslu á hverju vori þar sem tölulegum upplýsingum, framkvæmd og leiðum í sérkennslu síðasta vetrar er lýst.

Skólaárið 2022-2023 er áætlað að 33 börn, eða 42% nemenda njóti einhverskonar sérkennslu á skólaárinu af ýmsum ástæðum. Tæpum sex stöðugildum (46 klukkustundum) hefur verið úthlutað vegna 12 barna sem þarfnast sértæks stuðnings og 21 barn sem vitað er, hefur þörf fyrir tímabundinn stuðning eða málörvun.

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2021 - 2022

Loftræstikerfi var sett upp sumarið 2021 á Lundi, deild elstu barna.

Tvö felliborð og nýir stólar fyrir nemendur á deild elstu barna í mars 2022.

Hurða-húnn í starfsmannainngangi hækkaður.

Nýr gluggi í heimastofu á Hjalla

Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023

Leikskólinn Álfaheiði opnaði 1. desember 1990 og komin er tími á margvíslegt viðhald á húsi, innan sem utan.

Til stendur að skipta um gólfdukk í alrými, á Lundi, skrifstofu og undirbúningsherbergi í nóvember næstkomandi.

Hækka þarf hurðarhúna á tveimur eldvarnahurðum (Brekku og Hlíð-yngstu deildum) sem vísa inn í alrými, til að tryggja öryggi barna.

Þarft er að mála deildina Hjalla, starfsmannaálmú, gluggakarma deilda, innan sem utan og úthurðir. Hurðir innanhúss eru margar hverjar illa farnar sérstaklega á deildum, það sama á við um gólflista og hefur starfsfólk og börn oft fengið flísar af hurðum og hurðarkörmum. Hljóðeinangrun er ábótavant víða á deildum og þarf að athuga hana nánar. Sumarið 2021 var sett upp loftræstikerfi á Lundi og þörf er á að fylgjast áfram með hávaða og virkni kerfisins.

Lýsingu á lóð leikskólans og utan á húsi þarf að bæta - í svartasta skammdeginu eru mörg svæði illa eða ekkert upplýst. Búið er að bæta lýsingu á bílastæði leikskólans (september 2022).

Þörf er fyrir stærri sófa á kaffistofu (fyrir er sófi og tveir stólar sem samanlagt rúma fjóra einstaklinga í sæti) 32 starfsmenn eru starfandi í Álfaheiði.

Grindverk um lóð leikskólans verður verður endurnýjað á haustmánuðum og fúaverja þarf girðingar innan lóða og mála framan á tröppur (gul lína fyrir sjónskerta).

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti. Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís. Skólaárið 2021-2022 urðu 5 minniháttar slys á börnum, þrjú innandyra og tvö á lóð leikskólans og eitt þar sem starfsmaður á í hlut.

Höfundar: Anna Rósa Sigurjónsdóttir og Rakel Ýr Isaksen

9. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun Ytra mats 2022

Umbótaáætlun Ytra mats 2022				
Álfaheiði 2022 Ytra mat	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Líðan, starfsandi og daglegt starf	Starfsmenn upplifðu aukið álag í starfi.	Að afleysing komi vegna vinnustyttingar og undirbúnings sérkennara.	Menntasvið Kópavogs.	Að tryggja öryggi barna í leikskólanum.
		Að hafa tök á að kalla til starfsfólk sem getur hlaupið í skarðið þegar upp koma veikindi o.fl.	Skólastjórnendur	Að hluti afleysingar sé ekki bundin inni á deildum.
		Dreifa verkefnum meira á milli starfsmanna.	Deildarstjórar	Að allir hafa skýr hlutverk.
		Takmarka skipulagðar kennslustundir og einblína á grunnþarfir barna og boðskipti.	Deildarstjórar og kennarar	Að daglegt starf sé laust við álag af innri völdum.
Starfshættir	Færri börn á deild, fleira fólk	Að endurskoða barngildi.	Menntasvið Kópavogs.	Að stöðugildi jafngildi daglegri viðveru barna og að við útreikninga sé tekið tillit til fjarveru starfsmanna vegna vinnustyttingar, kaffitíma og undirbúnings.
	Mætti vera meira samstarf á milli deilda.	Sameiginlegur undirbúningstími á milli deilda. Samræmt dagskipulag og starfsáætlun	Deildarstjórar og leikskólakennarar	Vitneskja um hvað fram fer á öðrum deildum .
		Að sameina deildir við upphaf og lokun leikskóladagsins.	Deildarstjórar	Að ná yfir dvalartíma barna sem er umfram vinnuframlag starfsfólks á deild.
		Oftar og reglulegt opið flæði	Deildarstjórar	Að börnin séu kunnug og örugg víðar en á sinni eigin deild.

Umbótaáætlun Ytra mats 2022				
Álfaheiði 2022 Ytra mat	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Samskipti	Að bæta samskipti við erlenda foreldra.	Nýta tulkþjónustu fyrir öll samtöl.	Deildarstjórar í samvinnu við sérkennslustjóra	Gagnkvæmur skilningur.
		Nýta þýðingar smáforrit í daglegum samskiptum.	Allir starfsmenn	Gagnkvæmur skilningur
		Að nýta rafrænar samskiptabækur í vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku.	Sérkennarar, deildarstjórar, sérkennslustjóri	Aukin færni erlendra barna og foreldra þeirra í íslensku.
	Tveir starfsmenn upplifa að aðrir en þeir séu lagðir í einelti eða verða fyrir áreiti á vinnustaðnum, en enginn upplifir að vera lagður í einelti.	Að vekja athygli á því þegar samskipti eða umtal er óviðeigandi eða meiðandi.	Hver og einn starfsmaður.	Að komið sé fram við alla af virðingu.
Starfspróun og símenntun	Virkari samræður um starfið.	Viðbótar-fundartími fyrir reglulega nefndarfundi sem rúlla. Tvo mánudaga og þrjá föstudaga í mánuði.	Stjórnendur	Að námsefni og námstækifæri fái verðskuldaðan tíma til innra mats og skólaþróunar. Skipulag fundardagatala verði tilbúið og komið í notkun fyrir áramót.
	Regluleg starfspróunar-samtöl.	Að útbúa og framfylgja áætlun varðandi regluleg starfsmannasamtöl.	Leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri og deildarstjórar.	Að allir starfsmenn eigi eitt samtal á hverri önn, annarsvegar með leikskólastjóra og hins vegar deildarstjóra eða næsta yfirmanni?

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun Álfaheiði 2022-2023						
Pátttakendur	Lýsing	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Starfsfólk deilda	Deildafundir	Upplýsingagjöf, samráð, fræðsla, umræður um starfið og fleira	Mánud. 9:45-11:00 Skipulagdagar	75 mín á þriggja vikna fresti, hver deild 120 mín.	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar
Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri og matráður	Deildastjórafundir	Bókun næstu viku, miðlun upplýsinga, umræður um starfið, ákvarðanatöku og samráð stjórnenda-teymis.	föstud. kl:12:45-14:00	75 mínútur einu sinni í viku.	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri
Einn fulltrúi frá hverri deild auk leikskólaskólastjóra/aðstoðar- og sérkennslustjóra.	Miðlun	Miðlun daglegra upplýsinga s.s. fjarvera starfsfólks, viðburðir dagsins o.s.frv.	Alla morgna kl.9:00	5-10 mínútur daglega	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri
Einn áhugasamur fulltrúi frá hverri deild auk leikskólaskólastjóra/aðstoðar- og eða sérkennslustjóra.	Nefndir og ráð Tólf nefndir eru starfandi og skiptast á að funda (lífsmennt- umhverfis-réttindaskóla- sérkennslu- matsteymi- skapandi starf- málörvun - hreyfing - alþjóðlegt samstarf/u.t.- skemmti- áfalla- og öryggisnefnd)	Nefndir og ráð leiða, samræma áherslur og meta starfið. Nefndirnar eru vettvangur fyrir virkar samræður um starfið, ígrundun, innra mat og skólaþróun.	Annan hvern mánudag 13:00-14:00 og þrjá föstudaga í mánuði 10:00-11:00	75 mínútur hver fundur	Unnið á vinnutíma	Stjórnendur
Deildarstjórar	Samráðsfundur deildarstjóra	Vettvangur fyrir virkar samræður um starfið, handleiðslu, ígrundun, innra mat og skólaþróun.	Annan hvern mánudag 12:45-14:00	75 mínútur hver fundur	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Haut 2022/vor 2023	30 mín pr. starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla/samtöl	Stuðst við móttökuáætlun.	Fyrstu 3 mán. í starfi	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildarstjóri

Símenntunaráætlun Álfaheiði 2022-2023						
Pátttakendur	Lýsing	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Leikskólakennarar	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna.	1 x á önn	2 klst.	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Mat á skólastarfi- kynning á símenntun starfsfólks- deildarfundir - hópefli - aðalfundur starfsmannafélags- kosning trúnaðarmanna	23. sept. 2022	8 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Kvíði barna/lausnarteymi /eineltisáætlun- starfsmannakönnun Prósent og Skólapúlsins/ umbótaáætlun, uppfærsla á námskrá, lærdómssamfélag/ nefndarfundir	17. nóv. 2022	8 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Deildarfundir- öryggismál- kynning á símenntun starfsfólks	2. jan. 2023	8 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Deildarfundir- kynning á símenntun starfsfólks- Mat á vetrarstarfinu	15.mars 2023	8 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Námsferð til Berlín- skólaheimsóknir og hópeflisnámskeið	19.maí 2023	8 tímar	Unnið í vinnutíma og frítíma starfsfólks	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Viðbótarskipulagsdagur vegna námsferðar- samantekt kynnisferðar og endurmat á vetrarstarfi	22. maí 2023	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal 2022 - 2023

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Leikskólinn Álfaheiði



ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Þriggjur vestunarmennis	1 F Aðigun barna	1 L	1 Þ Lesun saman	1 F Fagnaðarfundur - skólinn hófst	1 S Hóledagur	1 M	1 M	1 L	1 M Fíkkibúdagurinn	1 F	1 L
2 Þ	2 F	2 S	2 M Lesun saman	2 F Skólinn stöðvaður	2 M Þinnarunnudagur	2 F	2 F	2 S Þinnarunnudagur	2 Þ	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F Lesun saman	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F Leikskólinn opnar kl.13:00	4 S	4 Þ	4 F Lesun saman	4 S Áttur sunnudagur í aðventu	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Stærðarfundurinn	4 Þ
5 F	5 M Aðigun barna	5 M Fagnaðarfundur og Aðigun barna	5 L	5 M Fagnaðarfundur aðventu	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L	6 Þ Aðigun barna	6 F	6 S	6 Þ	6 F Fagnaðarfundur - Þinnarunnudagur	6 M Dagur leikskólans	6 M	6 F Skóldagur	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M Aðigun barna	7 F	7 M Lesun saman	7 M Þinnarunnudagur	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F Þinnarunnudagurinn langi	7 S	7 M	7 F
8 M Aðigun barna	8 F Aðigun barna	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ Aðigun barna	9 F Aðigun barna	9 S	9 M Lesun saman	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S Þinnarunnudagur	9 Þ	9 F	9 S
10 M Aðigun barna	10 L	10 M	10 F Lesun saman	10 L Áttur í jólinn - gólf dagur	10 Þ	10 F Fagnaðarfundur	10 F Fagnaðarfundur	10 M Áttur í jólinn	10 M	10 L	10 M
11 F Aðigun barna	11 S	11 Þ	11 F Áttur í jólinn - gólf dagur	11 S Þriggjur sunnudagur í aðventu	11 M	11 L Dagur íslensku áttunnar	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 F Aðigun barna	12 M	12 M	12 L	12 M Fagnaðarfundur aðventu	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F Þriggjur áttur áttu barna	12 M	12 M
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F Skólinn stöðvaður	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F	14 M Lesun saman	14 M	14 L	14 Þ Þinnarunnudagur	14 Þ Dagur minniháttis barna	14 F Þinnarunnudagurinn langi	14 S	14 M Þinnarunnudagurinn	14 F
15 M Aðigun barna	15 F	15 L	15 Þ Lesun saman	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ Aðigun barna	16 F Fagnaðarfundur - Skólinn stöðvaður	16 S	16 M Fagnaðarfundur	16 F Þinnarunnudagur	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ Þinnarunnudagurinn	16 F	16 S
17 M Aðigun barna	17 L	17 M	17 F	17 F Þinnarunnudagur	17 Þ	17 F Þinnarunnudagurinn	17 F Þinnarunnudagurinn	17 M	17 M	17 L Þinnarunnudagurinn	17 M
18 F Aðigun barna	18 S	18 Þ	18 F Lesun saman	18 S Þriggjur sunnudagur í aðventu	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F Góðmóðagurinn langi	18 S	18 Þ
19 F Aðigun barna	19 M	19 M	19 L	19 M Fagnaðarfundur aðventu	19 F Þinnarunnudagur	19 S Þinnarunnudagurinn	19 S Þinnarunnudagurinn	19 M	19 F Þinnarunnudagurinn	19 M	19 M
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ Dagur minniháttis barna	20 F	20 M Þinnarunnudagurinn	20 M Þinnarunnudagurinn	20 F	20 L Þinnarunnudagurinn	20 Þ	20 F
21 S	21 M Þinnarunnudagurinn	21 F	21 M Lesun saman	21 M	21 L	21 Þ Þinnarunnudagurinn	21 Þ Þinnarunnudagurinn	21 F	21 S	21 M	21 F
22 M Aðigun barna	22 F	22 L Þinnarunnudagurinn	22 Þ Þinnarunnudagurinn	22 F	22 S	22 M Þinnarunnudagurinn	22 M Þinnarunnudagurinn	22 L	22 M Þinnarunnudagurinn	22 F	22 L
23 Þ Aðigun barna	23 F Þinnarunnudagurinn	23 S	23 M Lesun saman	23 F Þinnarunnudagurinn	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M Aðigun barna	24 L	24 M	24 F Lesun saman	24 L Aðigun barna	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M Þinnarunnudagurinn	24 L	24 M
25 F Aðigun barna	25 S	25 Þ	25 F Lesun saman	25 S Þinnarunnudagurinn	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ
26 F Aðigun barna	26 M Þinnarunnudagurinn	26 M	26 L	26 M Áttur í jólinn	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ Þriggjur sunnudagur í aðventu	27 F Fagnaðarfundur - Skólinn stöðvaður	27 M	27 M	27 F Þinnarunnudagurinn	27 L	27 Þ	27 F
28 S	28 M	28 F Fagnaðarfundur - Skólinn stöðvaður	28 M Fagnaðarfundur aðventu	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F Fagnaðarfundur - Skólinn stöðvaður	28 S Þinnarunnudagurinn	28 M	28 F
29 M Aðigun barna	29 F	29 L	29 Þ Lesun saman	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M Áttur í jólinn	29 F	29 L
30 Þ Aðigun barna	30 F Fagnaðarfundur	30 S	30 M Lesun saman	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M Aðigun barna		31 M Þinnarunnudagurinn		31 L Góðmóðagurinn	31 Þ		31 F		31 M		31 M


Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um Starfsáætlun leikskólans Álfaheiði 2022 – 2023


Virkilega vönduð starfsáætlun sem gefur til kynna að faglegt og gott starf er unnið í leikskólanum Álfaheiði. Í starfsáætluninni kemur fram allt það helsta um starfið framundan og það sem gert hefur verið undanfarið. Spannandi tímar eru framundan í skólastarfinu svo sem markviss vinna að því að verða réttinda skóli UNICEF, vinna í anda námsefnisins Lífsmenntar sem ýtir undir jákvæð gildi, áframhaldandi vinna með forvarnar verkefnið Vinátta og vinna í anda Grænfánans svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru verðug verkefni sem mikilvægt er að vinna að í samstarfi við krakkana okkar. Foreldraráðið lýsir yfir ánægju sinni með starfsáætlunina og því góða starfi og verðugu verkefnum sem hún inniheldur.



Arnór Sveinn Aðalsteinsson



Silja Ingólfsdóttir



Jóhanna Berghild Hergeirsdóttir